

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 19. október 2011 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Jensína Lýðsdóttir, Péturína L. Jakobsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Nes listamiðstöð

Fyrir fundinum lá kaupsamningur milli sveitarfélagsins og Nes listamiðstöðvar þar sem sveitarfélagið kaupir eignina Fjörubraut 8 á 10 milljónir króna. Hluti andvirðis eignarinnar gengur upp í viðskiptaskuld við sveitarfélagið. Meðfylgjandi kaupsamningnum var samantekt um viðskiptastöðu félagsins og áætlun um greiðsluflæði listamiðstöðvarinnar fyrir árið 2012 að gefnum ákveðnum forsendum í aðsókn og útlögðum kostnaði.

Sveitarstjórn ræddi fyrirbyggjandi gögn en samþykkti síðan kaupsamninginn fyrir sitt leyti. Sveitarstjórn samþykkti jafnframt að gerður yrði leigusamningu milli aðila um eignina og fól sveitarstjóra að ganga frá honum að höfðu samráði við sveitarstjórn.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 8³⁵

Adolf H. Berndsen

Halldór G. Ólafsson,

Jensína Lýðsdóttir

Péturína L. Jakobsdóttir,

Jón Ólafur Sigurjónsson

Magnús B. Jónsson